

Kópavogur janúar 2020

## **Fræðsla til foreldra um meðferð persónuupplýsinga við Mat á stuðningsþörf fatlaðra barna**


Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins annast framkvæmd Mats á stuðningsþörf barna (Supports Intensity Scale Children's Version, SIS-C). Matskerfið metur með samræmdum og hlutlægum hætti stig og magn þess hagnýta stuðnings sem fötluð börn þarfnast til að lifa eðlilegu lífi með fullri þátttöku í samfélaginu. Matið, sem nær til barna á aldrinum 5–17 ára, metur stuðningsþarfir óháð fötlunargreiningu, í samanburði við önnur börn, bæði fötluð og ófötluð.

Matið er framkvæmt af óháðum matsmönnum með víðtæka reynslu af starfi með fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Það er framkvæmt í nærumhverfi barnsins, t.d. í grunnskólum eða öðru húsnæði á vegum sveitarfélaga. Matsmaður frá Greiningar- og ráðgjafarstöð hittir foreldra/aðstandendur ásamt faglærðu starfsfólki sem þekkja barnið vel og hafa umgengist það reglulega. Gerð er krafa um að þessir aðilar hafi jafnframt tekið beinan þátt í daglegum viðfangsefnum barnsins a.m.k. undanfarna þrjá mánuði. Viðtal matsmanns við foreldra og fagfólk (saman í viðtali) tekur allt að tveimur klst. Auk þess hittir matsmaður barnið sjálft og fylgist með því í bekkjarstarfi eða við aðrar hentugar aðstæður.

Starfsmaður sveitarfélags sér um undirbúning og skipulagningu matsins sem m.a. felst í því að hafa samband við foreldra og upplýsa þá um framkvæmd matsins. Einnig að tímasetja viðtöl í samvinnu við foreldra og Greiningar- og ráðgjafarstöð.

Niðurstöður eru varðveittar í gagnagrunni Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og nýtast í þjónustu stofnunarinnar við barnið. Ópersónugreinanlegar upplýsingar eru sendar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og eru nýttar til ákvörðunar um fjárframlög til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri.

Ítarlegar niðurstöður eru sendar til starfsmanns sveitarfélagsins sem sér um málefni fatlaðra barna í grunnskólum. Hann ber ábyrgð á að kynna þær fyrir foreldrum og öðrum sem sjá um að veita barninu þjónustu. Niðurstöðurnar geta foreldrar og starfsmenn skóla og/eða félagsþjónustu nýtt við gerð einstaklingsáætlunar um stuðning fyrir hvert og eitt barn.



**Guðný Stefánsdóttir**  
Proskafjálfi MA og sviðsstjóri  
Mat á stuðningsþörf

**Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins**